



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

Febrúar 2008 nr. 148

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Bragi Þorgrímur Ólafsson

bragio@bok.hi.is

AÐALFUNDUR SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

8. MARS 2008

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands fer fram laugardaginn 8. mars í húsi Sögufélags við Fischersund. Fundurinn hefst kl. 16.

Dagskrá

- 1) Ársskýrsla kynnt og lögð fram til samþykktar.
- 2) Endurskoðaðir reikningar kynntir og lagðir fram til samþykktar.
- 3) Lagabreytingar (engar tillögur að lagabreytingum hafa borist stjórn félagsins).
- 4) Kjör stjórnar.
Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga til eins árs.
- 5) Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár.
- 6) Önnur mál.

Að loknum aðalfundarstörfum verður gert stutt hlé en kl. 17 mun Íris Ellenberger, doktorsnemi í sagnfræði við Háskóla Íslands, flytja erindi sem nefnist „Íslandsmyndir 1916-1966. Myndefni, ímyndir og raunveruleiki“. Í útdrætti segir:

Íslandsmyndir er óformlegt heiti á kvikmyndum sem eiga það flestar sameiginlegt að gera helstu meintu einkennum Íslands og Íslendinga skil, iðulega með erlenda áhorfendur í huga. Þessar myndir hafa nú verið framleiddar í rúma öld og teljast að vissu leyti arftakar bæði ferðabóka og svokallaðra þjóðasýninga. Þegar á síðari hluta 20. aldar tók markaðsvædd ferðaþjónusta þessar myndir í þjónustu sína og því mætti kalla þær fyrstu landkynningarmyndböndin. Þrátt fyrir að myndirnar séu mjög fjölbreyttar er varðar framsetningu, tækni, tíma, markmið og aðstandendur þá er sú ímynd, eða öllu heldur þær ímyndir sem myndirnar varpa fram nokkuð stöðugar en taka einnig vissum breytum eftir því sem bæði kvikmyndataekninni og íslensku samfélagi fleytir fram og skapar nýja möguleika og nýjar þarfir sem kvikmyndamiðilinn þarf að sinna.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um þær Íslandsmyndir sem varðveittar eru í Kvikmyndasafni Íslands og framleiddar voru á árunum 1916-1966 með sérstaka áherslu á þau leiðarstef og ímyndir sem koma fyrir í sífellu. Kannað verður hvernig ímyndirnar breytast eða haldast og hvernig kvikmyndaformið bæði bæði mótar þær og takmarkar. Þá verður fjallað um eðli ímynda og tengsl þeirra við hugmyndir um raunsæi og sannleika. Eftir aðalfundinn er stefnt að því að fundargestir

og aðrir sem vilja snæði saman kvöldverð á veitingastað í miðbænum, eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Staður og tími verður auglýst á Gamma-brekku og heimasíðu félagsins þegar nær dregur - www.sagnfraedingafelag.net

AÐALFUNDIR 1972-2007

Á aðalfundum félagsins í gegnum árin hafa margir sagnfræðingar og aðrir fræðimenn flutt fyrirlestra. Hér er yfirlit yfir fyrirlesara frá 1972 fram til 2007.

- 1972: Bergsteinn Jónsson
- 1973: Gylfi Pálsson
- 1974: Lýður Björnsson
- 1975: Ingi Sigurðsson
- 1976: Heimir Þorleifsson
- 1977: Gísli Ágúst Gunnlaugsson
- 1978: Ólafur R. Einarsson
- 1979: Sólrún Jendóttir
- 1980: Gunnar Karlsson
- 1981: Rætt um norræna sagnfræðingapíngið
- 1982: Sveinbjörn Rafnsson
- 1983: Gísli Ágúst Gunnlaugsson
- 1984: Rætt um norræna sagnfræðingapíngið
- 1985: Kristín Ástgeirsdóttir
- 1986: Ólafur Ásgeirsson
- 1987: Gísli Gunnarsson
- 1988: Ýmsir félagsmenn sögðu frá erlendum ráðstefnum
- 1989: Stefán Hjartarson
- 1990: Már Jónson
- 1991: Eggert Þór Bernharðsson
- 1992: Þórarinn Hjartarson
- 1993: Hjalti Hugason
- 1994: Þór Whitehead
- 1995: Guðmundur Jónsson
- 1996: Orri Vésteinsson
- 1997: Jón Karl Helgason
- 1998: Ólína Þorvarðardóttir
- 1999: Kristján B. Jónasson
- 2000: Agnar Helgason
- 2001: Heimir Þorleifsson
- 2002: Halldór Bjarnason
- 2003: Friðrik Skúlason
- 2004: Vigfús Geirdal
- 2005: Súsanna Margrét Gestsdóttir
- 2006: Sigrún Sigurðardóttir
- 2007: Hrefna M. Karlsdóttir

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Hádegisfundir

Að venju hafa hádegisfundir félagsins verið helsti burðarásinn í starfsemi þess í vetur. Fyrir áramót var fjallað um þemað *Hvað er Evrópa?* sem hófst 11. september með fyrirlestri Eiríks Bergmanns Einarssonar dósents við Háskólann á Bifröst. Þá tóku við Magnús Árni Magnússon Evrópufræðingur, Axel Kristinsson sagnfræðingur, Guðmundur Hálfðanarson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, Sverrir Jakobsson sagnfræðingur og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

Eftir áramót tók við þemað *Hvað er varðveisla?* en þar hafa nú þegar tekið til máls Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður, Kristín Huld Sigurðardóttir fornleifafræðingur, Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur og Már Jónsson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Nú í mars munu svo Örn Hrafnkelsson forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir sagnfræðingur verða með fyrirlestra, og í apríl verða Anna Lísá Rúnarsdóttir mannfræðingur og María Karen Sigurðardóttir forvörður með erindi. Fundarröðinni lýkur svo með fyrirlestri Kristins Schram þann 6. maí.

Í vetur var endurvakin sú hefð að taka fyrirlestrana upp á stafrænt form og gera þá aðgengilega á heimasíðu félagsins, en það var fyrst gert vorið 2000. Félagsmenn hafa tekið þessu með mikilli ánægju, enda margir sem komast ekki á fyrirlestrana. Fundirnir hafa verið haldnir í fundarsal Þjóðminjasafns og á 2. hæð safnsins. Fundarstjórar í vetur hafa verið þeir Stefán Gunnar Sveinsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Guðbrandur Benediktsson.

Félagsfundur

GÖGN SAGNFRÆÐINGAFÉLAGSINS AFHENT ÞJÓÐSKJALASAFNI

Í október síðastliðnum voru gögn Sagnfræðingafélags Íslands afhent Þjóðskjalasafni til varðveislu. Um er að ræða fundargerðarbækur, blaðaúrklippur, gögn vegna hádegisfunda, bréf og ýmislegt fleira frá ca. 1990-2001. Á safninu eru fyrir eldri gögn félagsins svo nú eru þau öll varðveitt á einum stað.

WWW.SAGNFRAEDINGAFELAG.NET
WWW.SOGUSLODIR.HI.IS
WWW.SOGUFELAG.IS

Af og til hafa komið fram hugmyndir um að Sagnfræðingafélagið stæði að lokuðum fagfundum, fundum sem væru aðeins ætlaðir félagsmönnum þar sem rætt væri um ýmis hagsmunamál sagnfræðinga. Ákveðið hefur verið að félagið og Sögufélag standi saman að slíkum fundum af og til, og var fyrsti fundurinn haldinn 20. nóvember sl.. Yfirskrift hans var *Æviskrár-ritun og ritskoðun* og þar fluttu Guðni Th. Jóhannesson, lektor við Háskólann í Reykjavík og Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda stutt erindi. Fundurinn var vel heppnaður og fóru fram áhugaverðar umræður.

Bókafundur

Bókafundur félagsins og Sögufélags var haldinn miðvikudagskvöldið 13. febrúar. Fjallað var um eftirtaldar bækur:

Silfur hafsins - gull Íslands. Síldarsaga Íslendinga (margir höfundar). Guðmundur Jónsson fjallaði um verkið.

„Hlustaðu á þína innri rödd“ Kvænnaframboð í Reykjavík og Kvænnafræðingur 1982-1987 eftir Kristínu Jónsdóttur. Helgi Skúli Kjartansson fjallaði um bókina.

Snert hörpu mína. Ævisaga Davíðs Stefánssonar eftir Friðrik G. Olgeirsson. Gunnþórunn Guðmundsdóttir fjallaði um bókina.

Óhætt er að segja að fundurinn hafi verið nokkuð fjörugur, a.m.k. í upphafi, en meðal fundargesta voru menn sem höfðu sterkar skoðanir á sagnaritun um síldveiði Íslendinga.

ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR UM NÝJAR PRÓFESSORSSTÖÐUR

14. nóvember sl. var lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um stofnun prófessorsembættis við Háskóla Íslands sem kennt væri við Jónas Hallgrímsson (221. mál). Í greinargerð með tillögunni segir að embættið verði „með vörn og sókn fyrir íslenska tungu og ljóðrækt að meginmarkmiði“. Þá var einnig lögð fram þingsályktunartillaga um stofnun prófessors-embættis á sviði byggðasafna og byggðafræða við Háskóla Íslands sem væri tengt Byggða-safninu á Skógum (220. mál). Sjá nánar á vef Alþingis, www.althingi.is

GAMMABREKKA 10 ÁRA

Um þessar mundir eru liðin 10 ár frá því að póstlisti félagsins, *Gammabrekka*, var settur á stofn. Á póstlistanum birtast tilkynningar um fundi, bókafragnir, fyrirspurnir og fleira að ógleymdum umræðum af og til um ýmis sagnfræðileg málefni. Í tilefni að 10 ára afmæli póstlistans birtist hér samantekt Sigurðar Gylfa Magnússonar sagnfræðings um tilurð listans, en hann var formaður félagsins þegar póstlistinn var stofnaður. Samantektin birtist upphaflega í fyrri bindi ritverksins *Íslenskir sagnfræðingar*, bls. 376.

Skráning á Gammabrekku er á slóðinni: <http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

<p style="text-align:center">SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON GAMMABREKKA</p>

Í febrúar 1998, á fyrsta hádegisfundi félagsins, varð til vísir að póstlista félagsins (netfangalista) sem síðar var nefndur *Gammabrekka*. Fyrir rælni mína sem fundarstjóra voru fundarmenn beðnir að rita netföng sín á viðvistarlista sem var látinn ganga og í ljós kom að mikill meirihluti hafði tölvupóstfang. Við sendum strax út tilkynningar til þessa hóps um efni fundanna og meðal annars langa útdrætti úr fyrirhuguðum fyrirlesturum. Hugmyndin var að fundarmenn gætu undirbúið sig undir umræðurnar. Þetta virkaði ótrúlega vel og við áttuðum okkur brátt á því að þarna væri að opnast óvenjulegt tækifæri til samskipta við félagsmenn. Már Jónsson stakk upp á því að við myndum búa til formlegan póstlista sem yrði vistaður hjá Reiknistofnun HÍ. Við kynntum efnið og báðum um tillögur að nafni. Helgi Þorláksson

prófessor lagði til hið smellna nafn *Gammabrekka* eftir útsýnishæð við Odda á Rangárvöllum. Við Már Jónsson höfum síðan verið tilsjónarmenn listans en hann hafði ekki lifað lengi þegar sagnfræðingar um allan heim voru komnir í hrókasamræður. Í lok fyrsta misseris fundanna átti sér til dæmis stað mikil umræða um kvenna- og kynjasögu og stöðu þeirra fræða á Íslandi, í Bandaríkjunum og Evrópu. *Gammabrekka* þróaðist síðan ört þannig að nú þjónar þessi póstlisti íslenskum sagnfræðingum um allan heim og virkar sem nokkurs konar upplýsingatorg fyrir atburði, útgáfur bóka og annað sem við kemur starfi okkar sem fræðimanna. *Gammabrekka* hefur gjörbreytt öllum samskiptum sagnfræðinga og stuðlað að mun opnari og ferskari skoðunarskiptum á milli þeirra.

HEIMSPING 2010

Búið er að ákveða þemu fyrir heimsping sagnfræðinga sem verður haldið í Amsterdam árið 2010.

Aðalefni verða: *The Fall of Empires, The City as Culture og Religion and Power.*

Að auki verða ýmis hliðar- og sérefni á borð við:

- *Biography and Microhistory*
- *Conquests and Demography*
- *Who Owns History? Sources Past and Present*
- *National Identity and Hegemonic Memory*
- *Frontiers and Boundaries*
- *History and Human Rights*
- *The Confrontation of Oral and Written Cultures*
- *Female Iconic Representations of Collective Identity*
- *Women and Learned Culture*
- *Sexual Violence: History, Cultures and Representations*
- *Towards a World History? Social Policies and Politics in a Globalised World*
- *Urban Violence, Casual and Extraordinary*
- *Social History of Credit*
- *Gender and Education*

- *Images, Mass Media and History*
- *National Histories and the Globalization of History*
- *Small Countries as Models for Innovative Politics*
- *International Relations in Sport: Historiographical Trends and New Challenges*
- *The Concept of Space in Modern History*
- *History and ethics*
- *Is there a global approach to history?*
- *Tolerance before the 18th century*
- *Conflicting memories of colonization*
- *Political History of Historiography*
- *Ethics, Historical Research and Law*

Sjá nánar á heimasíðu samtakanna

www.cish.org

HÁDEGISFUNDIR Í TÍU ÁR

Nú í febrúar eru liðin 10 ár frá því að hádegisfundir félagsins hófu göngu sína. Fyrsta þema fundanna var *Hvað er félagssaga?* og flutti Már Jónsson sagnfræðingur fyrsta fyrirlesturinn 3. febrúar 1998 sem kallaðist „Á mótum atvika og samfélags“. Fundurinn fór fram í fyrir-lestrarsal Þjóðarbókhöllu og voru fundirnir haldnir þar fyrstu misserin. Síðar voru þeir haldnir í Norræna húsinu og svo í fyrirlestarsal Þjóðminjasafns þar sem þeir eru haldnir í dag.

Már Jónsson, Árni Daníel Júlíusson og Sigurður Gylfi Magnússon voru upphafsmenn fundanna og var hugmyndin sú að þarna gæti fólk úr ýmsum greinum kynnt viðfangsefni sín í stuttu máli fyrir kollegum og gestir gætu snætt hádegismat og hlustað á erindi á sama tíma. Fyrst um sinn sóttu aðallega háskólakennarar í sagnfræði fundina og einstaka sagnfræðinemi, en aðsóknin jókst brátt og í dag er töluverður fjöldi sem mætir á fundina. Fjölmíðlar hafa sýnt fyrirlestrunum áhuga og hefur útvarpsþátturinn *Víðsjá* verið þar fremstur í flokki.

Fyrirlestrarnir hafa birst í ýmsu formi í gegnum árin. Fyrirlestrarnir í fundarröðunum *Hvað er stjórnmálasaga?* (haust 2000) og *Hvað er póstmóðernismi?* (vor 2000) voru birtir á heimasíðu Kistunnar, sem var þá í umsjón Matthíasar Viðars Sæmundssonar (www.hi.is/~mattsam). Fundirnir voru jafnframt teknir upp á stafrænt form vorið 2000, og var hægt að hlusta á þá á heimasíðu félagsins. Erindin á fundunum *Hvað er borg?* (vor 2003) voru gefin út í bókinni *Borgarbrot*, og nýrri fyrirlestra má finna í heild sinni á heimasíðu Kistunnar, (www.kistan.is). Nú í vetur hefur aftur verið tekið við að hljóðrita fyrirlestrana og eru þeir aðgengilegir á heimasíðu félagsins, www.sagnfraedingafelag.net.

Fundarstjórar á þessum tíu árum hafa verið þau Guðbrandur Benediktsson, Guðni Th. Jóhannesson, Lára Magnúsdóttir, Magnús Lyngdal Magnússon, Már Jónsson, Páll Björnsson, Sigurður Gylfi Magnússon, Stefán Pálsson og Stefán Gunnar Sveinsson.

Hér til hliðar er listi yfir alla sem hafa flutt erindi á fundunum frá því í febrúar 1998 til og með febrúar 2008. Plássins vegna er hér einungis tilgreint í hvaða fundarröð fyrirlesararnir fluttu erindi en ekki heiti þeirra.

Agnes Arnórsdóttir *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*
Anna Agnarsdóttir *Hvað er (um)heimur?*
Anna Agnarsdóttir *Hvað er hagsaga?*
Anna Agnarsdóttir *Hvað er heimild?*
Anna Agnarsdóttir *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*
Antony Beevor *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*
Auður Styrkárdsdóttir *Hvað er stjórnmálasaga?*
Axel Kristinsson *Hvað er Evrópa?*
Axel Kristinsson *Hvað er félagssaga?*
Axel Kristinsson *Hvað er hagsaga?*
Ágúst Guðmundsson *Hvað er sagnfræði? Miðlun*
Ágústa Kristófersdóttir *Hvað er borg?*
Árni Daníel Júlíusson *Hvað er félagssaga?*
Árni Daníel Júlíusson *Hvað er hagsaga?*
Árni Daníel Júlíusson *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*
Ásgeir Jónsson *Hvað er borg?*
Ástráður Eysteinnsson *Hvað er borg?*
Ástráður Eysteinnsson *Hvað er póstmóðernismi?*
Bára Baldursdóttir *Hvað er (ó)þjóð?*
Benedikt Hjartarson *Hvað er vald?*
Birgir Hermannsson *Hvað er vald?*
Birna Þórarinsdóttir *Hvað er útrás?*
Davíð Oddson *Hvað er stjórnmálasaga?*
Davíð Ólafsson *Hvað er póstmóðernismi?*
Eggert Þór Bernharðsson *Hvað er borg?*
Eggert Þór Bernharðsson *Hvað er sagnfræði? Miðlun*
Einar Hreinsson *Hvað er félagssaga?*
Einar Hreinsson *Hvað er vald?*
Eiríkur Bergmann *Hvað er Evrópa?*
Ellen Gunnarsdóttir *Hvað er félagssaga?*
Erla Hulda Halldórsdóttir *Hvað er útrás?*
Erlingur Erlingsson *Hvað er vald?*
Friðrik Skúlason *Hvað er heimild?*
Gauti Kristmannsson *Hvað er (ó)þjóð?*
Gísli Gunnarsson *Hvað er (um)heimur?*
Gísli Gunnarsson *Hvað er félagssaga?*
Gísli Gunnarsson *Hvað er hagsaga?*
Gísli Sigurðsson *Hvað er sagnfræði? Miðlun*
Guðjón Friðriksson *Hvað er borg?*
Guðmundur Brynjólfsson *Hvað er (ó)þjóð?*
Guðmundur Hálfðanarson *Hvað er (ó)þjóð?*
Guðmundur Hálfðanarson *Hvað er Evrópa?*
Guðmundur Hálfðanarson *Hvað er félagssaga?*
Guðmundur Hálfðanarson *Hvað er stjórnmálasaga?*
Guðmundur Jónsson *Hvað er (ó)þjóð?*
Guðmundur Jónsson *Hvað er (um)heimur?*
Guðmundur Jónsson *Hvað er félagssaga?*
Guðmundur Jónsson *Hvað er hagsaga?*
Guðmundur Jónsson *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*
Guðni Th. Jóhannesson *Hvað er vald?*
Gunnar Karlsson *Hvað er (ó)þjóð?*
Gunnar Karlsson *Hvað er félagssaga?*
Gunnar Karlsson *Hvað er póstmóðernismi?*
Halldór Ásgrímsson *Hvað er (um)heimur?*
Halldór Bjarnason *Hvað er (um)heimur?*
Halldór Bjarnason *Hvað er hagsaga?*
Halldór Gíslason *Hvað er borg?*
Hallfríður Þórarinsdóttir *Hvað er (ó)þjóð?*
Hallfríður Þórarinsdóttir *Hvað er vald?*
Hannes Hólmsteinn Gissurarson *Hvað er (um)heimur?*
Hannes Hólmsteinn Gissurarson *Hvað er sagnfræði? Miðlun*
Hannes Ottósson *Hvað eru framfarir?*

WWW.SAGNFRAEDINGAFELAG.NET

Haraldur Bernharðsson *Hvað eru framfarir?*
 Haraldur Þór Egilsson *Hvað er (um)heimur?*
 Helga Kress *Hvað er félagssaga?*
 Helgi Þorláksson *Hvað er borg?*
 Helgi Þorláksson *Hvað er félagssaga?*
 Helgi Þorláksson *Hvað er hagsaga?*
 Helgi Þorláksson *Hvað er útrás?*
 Helgi Þorláksson *Hvað er vald?*
 Hildigunnur Ólafsdóttir *Hvað er borg?*
 Hrafn Sveinbjarnarson *Hvað er varðveisla?*
 Hrefna Róbertsdóttir *Hvað er hagsaga?*
 Inga Huld Hákonardóttir *Hvað er félagssaga?*
 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *Hvað er borg?*
 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *Hvað er Evrópa?*
 Ingólfur Ásgeir Jóhannesson *Hvað er vald?*
 Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur *Hvað er útrás?*
 Jón Ólafsson *Hvað er stjórnmálasaga?*
 Jón Ólafsson *Hvað er vald?*
 Jón Ólafur Ísberg *Hvað er (ó)þjóð?*
 Jón Ólafur Ísberg *Hvað er félagssaga?*
 Kolbeinn Óttarsson Proppé *Hvað er (ó)þjóð?*
 Kristín Ástgeirsdóttir *Hvað er (um)heimur?*
 Kristín Loftsdóttir *Hvað er (um)heimur?*
 Kristín Huld Sigurðardóttir *Hvað er varðveisla?*
 Kristjana Kristinsdóttir *Hvað er heimild?*
 Kristrún Heimisdóttir *Hvað er stjórnmálasaga?*
 Lára Magnúsdóttir *Hvað er félagssaga?*
 Loftur Guttormsson *Hvað er félagssaga?*
 Magnús Árni Magnússon *Hvað er Evrópa?*
 Magnús Diðrik Baldursson *Hvað er póstmóðernismi?*
 Magnús S. Magnússon *Hvað er hagsaga?*
 Margrét Elísabet Ólafsdóttir *Hvað er (um)heimur?*
 Margrét Jónasdóttir *Hvað er félagssaga?*
 Margrét Jónsdóttir *Hvað er póstmóðernismi?*
 Sir Marrack Goulding *Hvað eru framfarir?*
 Matthías Johannessen *Hvað er (ó)þjóð?*
 Matthías V. Sæmundsson *Hvað er heimild?*
 Matthías V. Sæmundsson *Hvað er póstmóðernismi?*
 Már Jónsson *Hvað er (um)heimur?*
 Már Jónsson *Hvað er félagssaga?*
 Már Jónsson *Hvað er heimild?*
 Orri Vésteinsson *Hvað er heimild?*
 Ólafur Ragnar Grímsson *Hvað er útrás?*
 Ólafur Rastrick *Hvað er póstmóðernismi?*
 Ólöf Gerður Sigfúsdóttir *Hvað er útrás?*
 Ómar Ragnarsson *Hvað er sagnfræði? Miðlun*
 Páll Björnsson *Hvað er borg?*
 Ragnheiður Kristjánsdóttir *Hvað er (ó)þjóð?*
 Ragnheiður Kristjánsdóttir *Hvað er félagssaga?*
 Ragnheiður Kristjánsdóttir *Hvað er vald?*
 Ragnhildur Helgadóttir *Hvað er (um)heimur?*
 Róbert Haraldsson *Hvað er heimild?*
 Róbert Haraldsson *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*
 Salvör Jónsdóttir *Hvað er borg?*
 Salvör Nordal *Hvað eru framfarir?*
 Sigríður Björk Jónsdóttir *Hvað er borg?*
 Sigríður Kristjánsdóttir *Hvað er borg?*
 Sigríður Matthíasdóttir *Hvað er félagssaga?*
 Sigríður Matthíasdóttir *Hvað er stjórnmálasaga?*
 Sigríður Matthíasdóttir *Hvað er vald?*
 Sigríður Þorgeirsdóttir *Hvað er (ó)þjóð?*
 Sigríður Þorgeirsdóttir *Hvað er stjórnmálasaga?*
 Sigrún Birgisdóttir *Hvað er borg?*
 Sigrún Sigurðardóttir *Hvað er borg?*
 Sigrún Sigurðardóttir *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*
 Sigurður Gylfi Magnússon *Hvað er heimild?*
 Sigurður Gylfi Magnússon *Hvað eru framfarir?*

Sigurjón Baldur Hafsteinsson *Hvað er heimild?*
 Skúli Sigurðsson *Hvað er borg?*
 Skúli Sigurðsson *Hvað er póstmóðernismi?*
 Skúli Sigurðsson *Hvað eru framfarir?*
 Stefán Ólafsson *Hvað er borg?*
 Stefán Pálsson *Hvað er borg?*
 Stefán Pálsson *Hvað eru framfarir?*
 Sumarliði Ísleifsson *Hvað er (ó)þjóð?*
 Sumarliði Ísleifsson *Hvað er útrás?*
 Súsanna Margrét Gestsdóttir *Hvað er sagnfræði? Miðlun*
 Svavar Gestsson *Hvað er stjórnmálasaga?*
 Sverrir Jakobsson *Hvað er (ó)þjóð?*
 Sverrir Jakobsson *Hvað er (um)heimur?*
 Sverrir Jakobsson *Hvað er Evrópa?*
 Sverrir Jakobsson *Hvað er sagnfræði? Miðlun*
 Trausti Valsson *Hvað er borg?*
 Unnur María Bergsveinsdóttir *Hvað er varðveisla?*
 Unnur B. Karlsdóttir *Hvað er (ó)þjóð?*
 Valur Ingimundarson *Hvað er (um)heimur?*
 Valur Ingimundarson *Hvað er félagssaga?*
 Valur Ingimundarson *Hvað er stjórnmálasaga?*
 Vigfús Geirdal *Hvað er félagssaga?*
 Þorbjörn Broddason *Hvað er vald?*
 Þorgerður Einarisdóttir *Hvað er vald?*
 Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir *Hvað er sagnfræði? Miðlun*
 Þorgerður Þorvaldsdóttir *Hvað er félagssaga?*
 Þorgerður Þorvaldsdóttir *Hvað er póstmóðernismi?*
 Þorleifur Friðriksson *Hvað er félagssaga?*
 Þorsteinn Helgason *Hvað er (um)heimur?*
 Þorsteinn Helgason *Hvað er félagssaga?*
 Þorsteinn Helgason *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*
 Þorsteinn Vilhjálmsson *Hvað eru framfarir?*
 Þór Sigfússon *Hvað er útrás?*
 Þórarinn Eldjárn *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*
 Þórunn Guðmundsdóttir *Hvað eru framfarir?*
 Þórunn Sveinbjarnardóttir *Hvað er (um)heimur?*
 Ævar Kjartansson *Hvað er sagnfræði? Miðlun*
 Örn Hrafnkelsson *Hvað er heimild?*
 Örn Daniel Jónsson *Hvað er útrás?*

Fyrirlestrar á dagskrá mars-maí 2008

Már Jónsson *Hvað er varðveisla?*
 Örn Hrafnkelsson *Hvað er varðveisla?*
 Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir *Hvað er varðveisla?*
 Anna Lís Rúnarsdóttir *Hvað er varðveisla?*
 María Karen Sigurðardóttir *Hvað er varðveisla?*
 Kristinn Schram *Hvað er varðveisla?*

Hádegisfundir Sagnfræðingafélags Íslands 1998-2008

Hvað er félagssaga? Vor 1998, haust 1998 - vor 1999
Hvað er hagsaga? Haust 1999
Hvað er póstmóðernismi? Vor 2000
Hvað er stjórnmálasaga? Haust 2000
Hvað er heimild? Vor 2001
Hvað er (ó)þjóð? Haust 2001 - vor 2002
Hvað er borg? Haust 2002 - vor 2003
Hvað er (um)heimur? Haust 2003 - vor 2004
Hvað er vald? Haust 2004 - vor 2005
Hvað eru framfarir? Haust 2005
Hvað er útrás? Vor 2006
Hvað er sagnfræði? Rannsóknir. Haust 2006
Hvað er sagnfræði? Miðlun. Vor 2007
Hvað er Evrópa? Haust 2007
Hvað er varðveisla? Vor 2008

HANDRITASKRÁR LANDSBÓKASAFNS

AÐGENGILEGAR Á NETINU

Nýlega voru handritaskrár Landsbókasafns gerðar aðgengilegar á heimasíðu safnsins www.bok.hi.is. Skrárnar eru alls 3148 síður og hafa að geyma lýsingar á um 13.000 handritum. Skrárnar komu út í þremur aðalbindum á árunum 1918-1937 og í fjórum aukabindum 1947, 1959, 1970 og 1996. Hægt er að fletta skránum á heimasíðunni og jafnframt leita í efnislyklum og nafnaskrám. Á síðunni eru einnig listar yfir nýrri handritasöfn.

BÓKMENNTASJÓÐUR

Bókmenntasjóður tók til starfa á miðju síðasta ári. Sjóðurinn var stofnaður með lögum nr. 91/2007 og tekur hann við hlutverki Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og Þýðingarsjóðs sem hafa verið lagðir niður. Í lögum um sjóðinn segir að hlutverk hans sé að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu með því að styrkja m.a. útgáfu frumsaminnna rita „sem eru til þess fallin að efla íslenska menningu“ (2.gr.). Í greinargerð með frumvarpi um sjóðinn er rætt um bókmenntir í víðri merkingu: „jafnt skáldverk sem vönduð fræðirit, handbækur, orðabækur og menningar-söguleg rit.“ Sjá: www.bok.is.

MÁLSTOFA Í HAGSÖGU

Málstofa í hagsögu á vegum kennara í sagnfræði og hagfræði við Háskóla Íslands verður haldin að jafnaði annan hvern miðvikudag á vormisseri 20-2008. Umsjón með málstofunni hafa Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði og Sveinn Agnars-son, aðjúnkt í hagfræði. Málstofan er í stofu 101 í Árnagarði, á milli kl. 16.00-17.30.

Dagskrá málstofu í hagsögu það sem af er vormisseris 2008:

5. mars: Gunnar Haraldsson: Fátækt og ríki-dæmi Íslendinga í ljósi þjóðarauðs

26. mars: Sverrir Jakobsson: Efnahagslegar undir-stöður valds í Breiðafirði á 14. öld.

9. apríl: Hrefna Róbertsdóttir: Hagræn hugsun og viðreisnarhugmyndir 18. aldar.

23. apríl: Ólöf Garðarsdóttir: Innflytjendur á Ís-landi á síðari hluta 20. aldar og í upphafi 21. aldar.

Allir velkomnir

Fréttabréf Sagnfræðingafélagsins er prentað hjá Fjölrítunarstofu Daníels Halldórssonar.

Efni í fréttabréfið má senda á bragio@bok.hi.is

RÁÐSTEFNUR

Fyrsta heimsþing um umhverfissögu

Local Livelihoods And Global Challenges: Understanding Human Interaction With The Environment. Kaupmannahöfn, 4.-8. ágúst 2009.

Sjá nánar: <http://www.wceh2009.org/>

Saga hvalveiða

Ráðstefna um sögu hvalveiða verður haldið í Sandefjord í Noregi í júní 2009.

Sjá nánar: <http://www.hvalfangstmuseet.no>

Sjá nánar um væntanlegar sagnfræðiráðstefnur:

www.soguslodir.hi.is

NORDATLANTEN OG TROPERNE

Út er komin bókin *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grøn-Grønland, Island og Tropekolonierne*. Bókin er fimmta bindi í danski ritröð um skjöl sem orðið hafa Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og hitabeltis-nýlendum Dana. Í íslenska hluta bókarinnar er lögð áhersla á að lýsa heimildum eða skjölum sem eru sérstök fyrir Ísland eins og Manntalið 1703, sóknarmannatal, kjörbók vegna kosninga í heyr-andi hljóði og síðan eru einnig skjöl sem varpa ljósi á íslenska stjórnsýslu. Þar er einkum átt við skjöl frá hreppstjórum auk skjala vegna sérstakra samskipta við Dani. Um hverja heimild er stuttur sögulegur inngangur, síðan er heimildin birt auk danskrar þýðingar. Höfundar íslenska efnisins eru Kristjana Kristinsdóttir, Pétur G. Kristjánsson, Ragnheiður Mósesdóttir, Hrafn Sveinbjarnarson og Eiríkur G. Guðmundsson, auk Eriks Nørr, annars ritstjóra bókarinnar.

Sjá nánar: www.skjalasafn.is

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
